



Alþingi

Nefndarsvið

Umsögn Votlendissjóðsins um:

Tillaga til þingsályktunar um uppgræðslu lands og ræktun túna

Þingskjal 534 – 397 mál.

Álit Votlendissjóðsins

Stjórn Votlendissjóðsins fagnar þessari tillögu til þingsályktunar um uppgræðslu lands og ræktun túna.

Rökstuðningur

Bent er á að margir munu misskilja hugtakið ræktun túna og telja að það eigi að fara að rækta ný tún á uppgræðslusvæðum. Það hefur að vísu víða verið gert en hér er átt við viðhald ræktunar í túnum.

Hér er gerð tillaga um að heitið verði „um uppgræðslu og viðhald ræktunar í túnum“. Skilafrestur sem ráðherrum er ætlað að skila tillögum sínum þ.e. fyrir 1. apríl 2019 er óraunhæfur. Nær væri að tillögum yrði skilað fyrir 1. júlí 2019.

Nafni Landgræðslu ríkisins var breytt með lögum nr.155/2018 í Landgræðsluna. Texti greinargerðar er mjög góður. Rétt er þó að benda á að árangur af því að nýta hefynd og fyrningar, sem nær alltaf er í formi heyrúlla til uppgræðslu er háður því að heynu sé vel dreift á uppgræðslusvæðin, ekki síst í rofabörðin. Dreifingin er erfitt verk og tímafrek og verður varla framkvæmd í einhverjum mæli nema með til þess gerðum tækjum, sem tætir rúllurnar niður og blæs þeim í rofabörðin eða á uppblásturs landið. Mannshöndin má sín nær einskis í svona verkefnum. Það er gerlegt að tæta rúllurnar sundur með ámoksturstækjum en það verða aldrei ásættanleg vinnubrögð. Það er aðeins til eitt sérhannað starfhæft tæki á landinu sem er í lagi, en það eru til önnur tvö sem má koma í lag. Þau eru öll í eigu landgræðslufélaga. Eitt í Bláskógabyggð, annað í Skaftárhreppi og það þriðja á Fljótsdalshéraði. Lang mest reynsla af dreifingu heyrúlla til uppgræðslu er hjá Landgræðslufélagi Biskupstungna sem hafa dreift þúsundum heyrúlla til uppgræðslu á undanförunum árum með frábærum árangri.

Fulltrúar Votlendissjóðsins eru ávallt reiðubúnir að mæta á fundi nefnda Alþingis og ræða álit sjóðsins á þessu máli sem og öðrum tengdum loftlagsmálum.

Reykjavík, 18. mars 2019

F.h. Votlendissjóðsins

Bjarni Jónsson
Framkvæmdastjóri